



Reykjavíkurborg


Greining á fasteignamarkaði í Reykjavík 2013/2014

Efnisyfirlit

Kafli	Bls.
1. Inngangur og samantekt	3
2. Íbúapróun	7
3. Byggingarkostnaður, kaupverð og forsendur fyrir rekstri leigufélags	16
4. Leigjendur og eigendur	40
5. Aldurshópar og þeirra helstu einkenni	67

Kafli 1

Inngangur og samantekt



Inngangur

Að beiðni Hrólfs Jónssonar, skrifstofustjóra skrifstofu eigna og atvinnuþróunar hjá Reykjavíkurborg, hefur Capacent tekið saman meðfylgjandi greiningu á stöðum og horfum á fasteignamarkaði í Reykjavík.

Verkefnið var unnið með þeim hætti að gagna um fasteignamarkaðinn var aflað annars vegar úr skýrslum og almennum upplýsingum um markaðinn og hins vegar með því að leita svara hjá íbúum.

Svara var aflað hjá íbúum með könnun sem Capacent framkvæmdi á tímabilinu 29. nóvember til 13. desember 2013. Um var að ræða netkönnun, sem fór þannig fram að hópi fólks 18 ára og eldri var sendur „linkur“ á spurningar þar sem þau svöruðu spurningum. Úrtakið var alls 3.440 manns á landinu öllu, að hluta til úr Viðhorfahópi Capacent. Svarhlutfall í könnuninni var 55,8%. Auka úrtök voru tekin í Reykjanesbæ og Kópavogi og voru þau handahófsvalin úr Þjóðskrá og vigtuð sérstaklega.

Gögn rannsóknarinnar eru vigtuð til þess að úrtak endurspegli þýði með tilliti til kyns, aldurs og búsetu, en auk þess var aukaúrtak í Reykjanesbæ og Kópavogi vigtað.

Meginmarkmið greiningar Capacent var greina ástand íbúðamarkaðarins meðal annars með tilliti til þess hverjar áherslur íbúa eru um hvort þeir vilja búa í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði. Greina skal eftirspurn eftir húsnæði og framboð, greiðslugetu og setja upp áætlun fyrir hugsanlegt leigufélag, þar sem dregið er fram hver leiga þurfi að vera til þess að fjárfestar sjái sér hag í því að leigja út húsnæði.

Skýrsla þessi er unnin fyrir Reykjavíkurborg og sambærilegar skýrslur eru í vinnslu fyrir Kópavogsbæ og Reykjanesbæ.

Capacent skilaði sambærilegri greiningu í ársbyrjun 2012. Þrátt fyrir að gagnaöflun í meðfylgjandi skýrslu sé að mörgu leyti framkvæmd með sama hætti og gert var í fyrri greiningunni eru efnistöðir um margt frábrugðin. Sú könnun sem gerð var til grundvallar þessari greiningu er að mestu byggð á sömu spurningum og gert var í fyrri greiningunni. Í stað þess að nota tölur Hagstofu Íslands um íbúðir sem byrjað er að byggja á árinu, íbúðir í byggingu og fullgerðar íbúðir byggjum við nú á sérkeyrslu úr Þjóðskrá, sem er nákvæmari mæling.

Við undirbúning verkefnisins var lagt upp með að niðurstöður í meðfylgjandi greiningu væru settar fram í töflum og myndum en textaskrif lágmörkuð við að útskýra forsendur og helstu niðurstöður. Í greiningunni er þessu fylgt auk þess sem að í flestum tilfellum eru helstu niðurstöður dregnar fram í yfirskrift hverrar síðu.

Nánari upplýsingar um efni skýrslunnar veita ráðgjafar Capacent:

Þróstur Sigurðsson, throstur.sigurdsson@capacent.is

Óttar Snædal, ottar.snaedal@capacent.is

Reykjavík, 26. febrúar 2014

Samantekt

- Einungis stefnir í jákvæðan flutningsjöfnuð á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi.
- Flestir vilja búa á höfuðborgarsvæðinu og þá helst í mið- og vesturbæ Reykjavíkur.
- Ungur aldur, lágar tekjur og litlar íbúðir einkenna þá sem vilja búa í miðbænum.
- Þörf fyrir íbúðir á höfuðborgarsvæðinu vex með auknum fjölda íbúa og færri íbúum á hverja íbúð.
- Fjölga þarf íbúðum með 2 svefnherbergjum á kostnað þeirra sem stærri eru. Það er of- framboð af íbúðum sem eru stærri en 150 m².
- Kaupverð skríður upp fyrir byggingarkostnað í stærri fjölbýlishúsum (lyftuhúsum), í fyrsta sinn síðan 2009. Byggingarkostnaður er enn umtalsvert hærri en kaupverð sérbýla.



Íbúum höfuðborgarsvæðisins hefur fjölgað árlega í öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu frá síðustu aldamótum, nema á Seltjarnarnesi. Algengast er að fólk horfi til Reykjavíkur næst þegar það flytur.



Það er sérstaklega áberandi að yngstu og elstu aldurshóparnir svöruðu því til að næst þegar þeir myndu flytja vildu þeir flytja í mið- og vesturbæ Reykjavíkur (ríflaga 80% 18-24 ára af þeim sem sögðust vilja flytja til Reykjavíkur).



Fólk sem segist vilja flytja í miðbæ Reykjavíkur er að uppistöðu ungt fólk, en um 53% þeirra sem vilja flytja í póstnúmer 101, 105 eða 107 eru á aldrinum 18-34 ára. Sambærilegt hlutfall fyrir Reykjavík alla er 34%. Þetta eru tekjulægstu aldurshóparnir, en dýrustu póstnúmerin.



Íbúum á höfuðborgarsvæðinu fer fjölgandi á sama tíma og gera má ráð fyrir að íbúum fækki á hverju heimili. Því má ætla að fjölgun íbúða á höfuðborgarsvæðinu verði hlutfallslega meiri en nemur íbúafjölgun.



Um 20% íbúa á höfuðborgarsvæðinu búa í 3 herbergja íbúð (2 svefnherbergi) en af þeim sem vilja flytja á höfuðborgarsvæðið segjast um 37% vilja slíkar íbúðir. Mun færri segjast vilja íbúðir með fleiri en 2 svefnherbergjum. Samsvarandi munur kemur fram þegar litið er til fermetra en offramboð virðist vera á íbúðum stærri en 150 fermetrar meðan skortur virðist á smærri íbúðum.










Frá árinu 2009 hefur kaupverð verið lægra heldur en byggingarkostnaður fyrir flestar gerðir bygginga. Kaupverð stærri fjölbýlishúsa er nú hærri en byggingarkostnaður að jafnaði. Byggingarkostnaður er þó mismunandi eftir svæðum, sem ræðst af mismun í lóðaverði. Þetta kemur einnig fram þegar kaupverð er skoðað.

Samantekt

- Vextir og íbúðaverð virðast með svipuðu móti og 2004.  Vextir og kaupmáttur launa eru meðal þeirra þátta sem mest hafa áhrif á kaupverð íbúða. Vísitala kaupmáttar er á svipuðu róli og við mitt ár 2006.
- Forsendur virðast vera fyrir rekstri leigufélaga með smáar íbúðir.  Væntingar leigjenda eru um að greiða á bilinu 1.500 – 2.300 kr. á fermetra fyrir íbúðir frá allt að 50-90 fermetrum með 1-2 svefnherbergjum.
- Að jafnaði greiða Íslendingar um 25% ráðstöfunartekna sinna í húsnæðiskostnað. Tekjulægstu meira en 45% fjölskyldutekna.  Niðurstöður úr samræmdri lífskjararannsókn Evrópuríkja (EUROSTAT) benda til þess að Íslendingar verji álíka háu hlutfalli ráðstöfunartekna sinna í húsnæði og nágrannar þeirra í Evrópu. Könnun Capacent leiðir í ljós að talsverður munur er eftir tekjuhópum þegar litið er til fjölskyldutekna, en hafa ber í huga við túlkun niðurstaðna að tekjulægri greiða minni skatta og kunna að fá ýmis konar fjárhagslegan stuðning.
- Tæpur fjórðungur Íslendinga segist líklegur eða öruggur um að leigja næst þegar skipt er um húsnæði.  Í könnun Capacent 2011 sögðust rúm 30% landsmanna líkleg eða örugg um að flytja í leiguhúsnæði næst þegar þau skiptu um húsnæði. Niðurstaðan nú, í könnun Capacent 2013, er að 6 prósentum færri segjast nú líkleg eða örugg til að leigja.
- Leiguverð hefur hækkað meira en kaupverð frá ársbyrjun 2011.  Vísitala leiguverðs hefur hækkað um 30% frá ársbyrjun 2011 til ársloka 2013 en vísitala hefur hækkað um 23%.
- Hlutdeild almennra leiguíbúða hefur aukist ár frá ári frá árinu 2007.  Fram til 2007 einkenndist leigumarkaðurinn af háu hlutfalli niðugreiddrar leigu af heildar leigumarkaði. Síðustu ár hefur sú hlutdeild minnkað auk þess sem að leigumarkaðurinn hefur stækkað.
- Leigjendur eru tekjulágir, ungir, vilja litlar íbúðir og borga 80 – 160 þús.kr. á mánuði.  65% þeirra sem vilja leigja eru á aldrinum 18-34 ára, eru með fjölskyldutekjur undir 550 þúsund og vilja íbúðir með 2 eða færri svefnherbergjum. Þeir gera einnig ráð fyrir að mánaðarlega greiðsla vegna húsnæðis verði á bilinu 80-160 þús.kr. á mánuði.

Íbúapróun







Á höfuðborgarsvæðinu var mesta fjölgunin utan Reykjavíkur

- Frá síðustu aldamótum hefur íbúum fjölgað í öllum sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins öðrum en Seltjarnarnesi.
- Árleg fjölgun á höfuðborgarsvæðinu var á bilinu 2-5% fram til ársins 2008 en í kjölfar efnahagsþrenginganna fór fjölgunin niður í um 1%.
- Hlutfallslega hefur minna fjölgað í Reykjavík en í öðrum sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins og árið 2010 fækkaði Reykvíkingum um 1%.

Hlutfallsleg árleg fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu




“Flutningsjöfnuður” neikvæður nema á SV-horninu og NL



Heimild: Könnun Capacent 2013

Til höfuðborgarsvæðisins og á norðurland

Búseta Íslendinga og hvar vilja þeir búa



Árið 2013 bjuggu 205.675 manns á höfuðborgarsvæðinu eða um 64% Íslendinga.¹

Í könnun Capacent var spurt: „Hvert myndir þú helst vilja flytja næst þegar þú skiptir um húsnaði, óháð því hvort þú kaupir húsnaðið eða leigir?“

Af þeim sem tóku afstöðu vildu 74% helst flytja á höfuðborgarsvæðið. Höfuðborgarsvæðið heldur því áfram að soga til sín fólk af landsbyggðinni.²


Heimildir:

1. Hagstofa Íslands
2. Könnun Capacent 2013

Flestir vilja búa í Reykjavík

Búseta innan höfuðborgarsvæðisins

Búseta Íslendinga og vilji þeirra til búsetu.
Innan höfuðborgarsvæðisins




Í Reykjavík bjuggu árið 2013 120 þúsund manns en m.v. könnun Capacent vilja um 144 þúsund manns búa þar, sem samsvarar um 20% fjölgun íbúa.

Um 74% fleiri segjast vilja búa í Mosfellsbæ en búa þar í dag.

Ef litið er til þess hvert fólk vill flytja sem hyggst flytja á næstu þremur árum kemur í ljós að 65% þeirra sem stefna á höfuðborgarsvæðið hyggur á flutninga til Reykjavíkur, ríflega 13% í Kópavog og tæplega 9% í Hafnarfjörð.

Hvert myndir þú flytja?
Þeir sem vilja búa á höfuðborgarsvæðinu.



Heimild: Könnun Capacent 2013

Flestir vilja búa í mið- og vesturbæ Reykjavíkur, en það fylgir aldri


Mið- og vesturbær hér skilgreint sem pnr. 101, 105 og 107.

Landsmenn voru spurðir: Hvert myndir þú helst vilja flytja næst þegar þú skiptir um húsnæði,...?

45% svöruðu því til að þeir vildu flytja til Reykjavíkur, 10% sögðust vilja til Kópavogs og 11% til Norðurlands.

Af þeim sem vildu búa í Reykjavík sögðust um 56% vilja búa í mið- og vesturbæ, en það breytist með aldri.


Innan hvaða pósthúsnúmers vill fólk búa?
Þeir sem vilja búa í Reykjavík




Heimild: Könnun Capacent 2013

Fyrsta val er 101, svo 105 og loks 107, 104 er einnig 2. og 3. val

Þeir sem vilja flytja til Reykjavíkur
í hvaða hverfi?



Þeir sem vilja flytja til Reykjavíkur og telja sig líklega til að flytja á næstu þremur árum
í hvaða hverfi?




Heimild: Könnun Capacent 2013


Miðbæjarbúar – (101, 105 og 107)

- Myndirnar hér til hægri sýna aldurssamsetningu þeirra sem vilja búa í mið- og vesturbæ Reykjavíkur í samanburði við aldurssamsetningu allra þeirra sem vilja flytja til Reykjavíkur.
- Um 53% þeirra sem vilja flytja í póstnúmer 101, 105 eða 107 eru á aldrinum 18-34 ára. Sambærilegt hlutfall fyrir Reykjavík alla er 34%.
- Athygli vekur að þetta eru tekjulægstu aldurshóparnir, en kostnaðarsömstu póstnúmerin, samanber myndirnar að neðan.


Einstaklingstekjur
eftir vilja til búsetu




Miðbæjarbúar með lægra en 250 þ. í
mánaðartekjur



Póstnúmer 101, 105 og 107



Reykjavík




Heimild: Könnun Capacent 2013

**Flestir vilja búa á
höfuðborgarsvæðinu,
mið- og vesturbær
Reykjavíkur eru vinsælar.**

Byggingar- kostnaður, kaupverð og forsendur fyrir rekstri leigufélags




Gera má ráð fyrir vaxandi þörf íbúða á höfuðborgarsvæðinu



Myndin sýnir annars vegar íbúa á íbúð (bláa línan) og hins vegar íbúafjölda á höfuðborgarsvæðinu. Sjá má að íbúum á höfuðborgarsvæðinu hefur fjölgað stöðugt frá árinu 1998 og íbúum á íbúð fækkar úr 2,65 í 2,50. Sambærileg þróun á sér stað í vestrænum ríkjum. Í Danmörku er fjöldi íbúa á íbúð um 2,1 og í Svíþjóð 1,9*. Haldi þessi þróun áfram má gera ráð fyrir því að árleg fjölgun íbúða á höfuðborgarsvæðinu þurfi að vera meiri en að jafnaði hefur verið síðustu ár.

* <http://www.pordata.pt/en/Europe/Average+number+of+persons+per+household-1613>




Á myndinni má sjá fjölda íbúða sem fullgerðar hafa verið á síðustu árum. Punktalínan sýnir að gera má ráð fyrir því að fjölgun verði á fullgerðum íbúðum á næstu árum, annars vegar vegna fækkunar íbúa á hverja íbúð og hins vegar vegna fjölgunar íbúa á höfuðborgarsvæðinu, vegna fólksfjölgunar og flutninga.


Að jafnaði hafa 584 íbúðir verið fullgerðar á ári í Reykjavík frá 1995

...það er lægra en meðaltal árunna 1995-2004, þá voru fullgerðar 648 íbúðir á ári. Fullgerðar íbúðir á höfuðborgarsvæðinu voru 1.345.


Reykjavík




Íbúðir í byggingu (byggingarstig 2-6 og 9)



Úthlutanir, framkvæmdaleyfi og byggingaréttur (byggingarstig 0-1 og N)



Fullgerðar íbúðir á árinu (byggingarstig 7 og 8)




Heimild: sérkeyrsla úr Þjóðskrá

Þjóðin eldist – á næstu 10 árum hækkar meðalaldur um 3 ár




Hlutfallsleg fjölgun eldra fólks

- Árið 2009 var merkilegt fyrir þær sakir að það ár fækkaði Íslendingum í fyrsta skipti frá því á 19. öld.
- Árið 2010 fjölgaði Íslendingum þó aftur og gerir mannfjöldaspá Hagstofu Íslands ráð fyrir að áframhald verði á því næstu ár.
- Líkt og í öðrum vestrænum ríkjum er þróunin sú að með auknum lífslíkum fjölgar fólki sem komið er yfir miðjan aldur og mun sá hópur verða fjölmennari og hlutfallslega stærri á komandi árum.
- Mannfjöldaspáin gerir enn fremur ráð fyrir því að lítil fjölgun verði á fólki á aldrinum 20-40 ára á sama tímabili.

Mannfjöldaspá Hagstofunnar
Árleg fólksfjölgun




Heimild: Hagstofa Íslands




Virðist skortur á íbúðum allt að 121-150 m² og 2 svefnherbergja

Fjöldi fermetra á höfuðborgarsvæðinu
Núverandi og eftirspurn



Myndin hér að ofan sýnir eftirspurn umfram núverandi fjölda íbúða í íbúðir allt að 120 m² á höfuðborgarsvæðinu. Framboð virðist umfram eftirspurn eftir íbúðum sem eru stærri en 150 m².

Fjöldi svefnherbergja á höfuðborgarsvæðinu
Núverandi og eftirspurn



Myndin hér að ofan sýnir eftirspurn umfram núverandi fjölda íbúða í íbúðir með 1 eða 2 svefnherbergjum.

Framboð virðist umfram eftirspurn eftir íbúðum með 4 eða fleirum svefnherbergjum á höfuðborgarsvæðinu.

Heimild: Könnun Capacent 2013

Hverjir vilja stækka eða minnka húsnæði – Landið allt

Næst þegar skipt er um húsnæði

Allir	Stærðarflokkar	< 50 m ²	51 - 70 m ²	71 - 90 m ²	91 - 120 m ²	121 - 150 m ²	151 - 180 m ²	181 - 220 m ²	221 m ² +
Núverandi húsnæði	< 50 m ²	17,58%	46,31%	30,03%	3,90%	2,18%	0,00%	0,00%	0,00%
	51 - 70 m ²	1,83%	32,45%	33,46%	22,26%	8,62%	0,00%	1,38%	0,00%
	71 - 90 m ²	2,67%	11,97%	35,18%	40,31%	6,61%	1,76%	1,03%	0,47%
	91 - 120 m ²	1,35%	5,50%	25,14%	40,28%	20,15%	4,28%	3,05%	0,25%
	121 - 150 m ²	1,94%	8,62%	14,01%	34,38%	26,75%	9,31%	4,31%	0,68%
	151 - 180 m ²	2,51%	7,57%	4,85%	31,83%	20,73%	15,37%	14,77%	2,37%
	181 - 220 m ²	4,44%	8,57%	2,92%	19,53%	19,27%	12,70%	24,47%	8,11%
	221 m ² +	0,81%	5,62%	5,03%	19,86%	24,82%	10,14%	13,92%	19,80%

Það er áberandi að þeir sem eru í íbúðum allt að 90 m² horfa til þess að fara í stærri íbúðir. Þeir sem búa í íbúðum sem eru stærri en 150 m² horfa frekar til þess að færa sig í smærri íbúðir.

Þetta virðist eiga jafnt við um íbúa í eigin húsnæði og þá sem eru á leigumarkaði.

Það sama virðist eiga við um landið allt og íbúa Reykjavíkur, sömu meginlínur þó hlutföll séu ekki alveg þau sömu.

Næst þegar skipt er um húsnæði

Eigendur	Stærðarflokkar	< 50 m ²	51 - 70 m ²	71 - 90 m ²	91 - 120 m ²	121 - 150 m ²	151 - 180 m ²	181 - 220 m ²	221 m ² +
Núverandi húsnæði	< 50 m ²	0,00%	43,63%	51,95%	4,42%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
	51 - 70 m ²	0,00%	23,01%	33,42%	29,58%	10,44%	0,00%	3,56%	0,00%
	71 - 90 m ²	0,00%	10,60%	31,53%	46,98%	7,87%	1,73%	0,53%	0,77%
	91 - 120 m ²	0,00%	3,10%	24,61%	38,15%	24,58%	5,25%	4,00%	0,32%
	121 - 150 m ²	0,00%	3,02%	15,30%	38,47%	28,50%	9,39%	4,51%	0,81%
	151 - 180 m ²	0,00%	0,00%	5,35%	33,98%	22,36%	18,18%	17,26%	2,87%
	181 - 220 m ²	0,00%	1,40%	2,77%	21,11%	22,57%	14,87%	27,78%	9,50%
	221 m ² +	0,00%	1,09%	0,50%	20,00%	27,53%	11,87%	16,08%	22,93%

Næst þegar skipt er um húsnæði

Leigjendur	Stærðarflokkar	< 50 m ²	51 - 70 m ²	71 - 90 m ²	91 - 120 m ²	121 - 150 m ²	151 - 180 m ²	181 - 220 m ²	221 m ² +
Núverandi húsnæði	< 50 m ²	24,64%	47,85%	24,45%	0,00%	3,05%	0,00%	0,00%	0,00%
	51 - 70 m ²	1,39%	39,05%	34,83%	16,96%	7,77%	0,00%	0,00%	0,00%
	71 - 90 m ²	0,90%	11,85%	44,11%	33,91%	5,79%	1,13%	2,31%	0,00%
	91 - 120 m ²	0,23%	7,20%	22,12%	59,58%	8,87%	2,00%	0,00%	0,00%
	121 - 150 m ²	0,00%	8,34%	4,56%	28,36%	27,00%	23,21%	8,54%	0,00%
	151 - 180 m ²	0,00%	0,00%	0,00%	3,00%	62,04%	14,40%	20,55%	0,00%
	181 - 220 m ²	0,00%	0,00%	0,00%	80,66%	0,00%	0,00%	19,34%	0,00%
	221 m ² +	0,00%	0,00%	0,00%	82,07%	0,00%	0,00%	0,00%	17,93%

Hverjir vilja stækka eða minnka húsnæði – íbúar Reykjavíkur

Næst þegar skipt er um húsnæði

Allir	Stærðarflokkar	< 50 m ²	51 - 70 m ²	71 - 90 m ²	91 - 120 m ²	121 - 150 m ²	151 - 180 m ²	181 - 220 m ²	221 m ² +
Núverandi húsnæði	< 50 m ²	12,81%	39,41%	44,12%	3,66%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
	51 - 70 m ²	0,00%	36,67%	38,57%	16,70%	8,06%	0,00%	0,00%	0,00%
	71 - 90 m ²	0,00%	19,03%	37,24%	33,36%	9,14%	0,00%	0,63%	0,61%
	91 - 120 m ²	3,40%	6,80%	22,48%	37,26%	21,87%	4,21%	3,97%	0,00%
	121 - 150 m ²	0,00%	12,93%	15,28%	30,64%	28,03%	7,07%	5,13%	0,92%
	151 - 180 m ²	4,20%	11,63%	0,00%	30,70%	26,35%	10,94%	13,47%	2,71%
	181 - 220 m ²	0,00%	2,35%	6,03%	13,35%	14,00%	13,98%	39,01%	11,28%
	221 m ² +	2,62%	7,58%	0,00%	22,34%	27,69%	8,16%	12,72%	18,88%

Það er áberandi að þeir sem eru í íbúðum allt að 90 m² horfa til þess að fara í stærri íbúðir. Þeir sem búa í íbúðum sem eru stærri en 150 m² horfa frekar til þess að færa sig í smærri íbúðir.

Þetta virðist eiga jafnt við um íbúa í eigin húsnæði og þá sem eru á leigumarkaði.

Það sama virðist eiga við um landið allt og íbúa Reykjavíkur, sömu meginlínur þó hlutföll séu ekki alveg þau sömu.

Næst þegar skipt er um húsnæði

Eigendur	Stærðarflokkar	< 50 m ²	51 - 70 m ²	71 - 90 m ²	91 - 120 m ²	121 - 150 m ²	151 - 180 m ²	181 - 220 m ²	221 m ² +
Núverandi húsnæði	< 50 m ²	0,00%	18,86%	81,14%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
	51 - 70 m ²	0,00%	25,33%	37,96%	21,50%	15,21%	0,00%	0,00%	0,00%
	71 - 90 m ²	0,00%	14,39%	27,72%	45,87%	9,95%	0,00%	1,05%	1,02%
	91 - 120 m ²	0,00%	3,36%	21,26%	39,05%	25,98%	5,32%	5,02%	0,00%
	121 - 150 m ²	0,00%	1,57%	18,55%	36,19%	28,75%	8,58%	5,23%	1,12%
	151 - 180 m ²	0,00%	0,00%	0,00%	28,09%	35,44%	14,72%	18,11%	3,64%
	181 - 220 m ²	0,00%	2,52%	6,47%	9,73%	15,00%	14,99%	39,20%	12,09%
	221 m ² +	0,00%	0,00%	0,00%	22,49%	31,82%	9,38%	14,62%	21,70%


Næst þegar skipt er um húsnæði

Leigjendur	Stærðarflokkar	< 50 m ²	51 - 70 m ²	71 - 90 m ²	91 - 120 m ²	121 - 150 m ²	151 - 180 m ²	181 - 220 m ²	221 m ² +
Núverandi húsnæði	< 50 m ²	18,19%	49,03%	32,78%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
	51 - 70 m ²	0,00%	47,15%	40,17%	10,35%	2,34%	0,00%	0,00%	0,00%
	71 - 90 m ²	0,00%	20,14%	53,55%	17,07%	9,23%	0,00%	0,00%	1,02%
	91 - 120 m ²	0,00%	14,41%	14,47%	58,82%	12,31%	0,00%	0,00%	0,00%
	121 - 150 m ²	0,00%	33,30%	0,00%	16,89%	32,91%	16,89%	0,00%	1,12%
	151 - 180 m ²	0,00%	0,00%	0,00%	100,00%	0,00%	0,00%	0,00%	3,64%
	181 - 220 m ²	0,00%	2,52%	6,47%	9,73%	15,00%	14,99%	0,00%	12,09%


**Fólki fjölgar á
höfuðborgarsvæðinu, færri
íbúar í hverri íbúð.**

**Árleg íbúðapörf eykst.
Breyttar þarfir með eldri þjóð.
Árin 2010-12 var lokið við 216
íbúð að meðaltali í Reykjavík,
árið 2013 voru þær 407.**

Kaupverð skríður upp fyrir byggingarkostnað - fjölbýli




Vakin er athygli á því að kaupverð á fermetra er reiknað skv. kaupskrá Þjóðskrár en byggingarkostnaður skv. mati Hannarrs. Hannarr reiknar kostnaðinn á brúttó fermetra en kaupskráin reiknar fermetraverð skv. birtum fermetrum. Ekki liggur fyrir hversu miklu munar en ljóst er að hann er í þá átt að byggingarkostnaður á birtan fermetra væri hærri. Ennfremur er ekki reiknað með fjármagnskostnaði á byggingartíma hjá Hannarr.




Heimildir: Byggingarkostnaður er fenginn úr byggingarlykli Hannarrs en kaupverð er sótt í verðsjá fasteigna hjá Þjóðskrá Íslands, www.skra.is

Kaupverð undir byggingarkostnaði – einbýli og raðhús vs. sérbýli



Vakin er athygli á því að kaupverð á fermetra er reiknað skv. kaupskrá Þjóðskrár en byggingarkostnaður skv. mati Hannarrs. Hannarr reiknar kostnaðinn á brúttó fermetra en kaupskráin reiknar fermetraverð skv. birtum fermetrum. Ekki liggur fyrir hversu miklu munar en ljóst er að hann er í þá átt að byggingarkostnaður á birtan fermetra myndi vera hærri. Ennfremur er ekki reiknað með fjármagnskostnaði á byggingartíma hjá Hannarr.



Heimildir: Byggingarkostnaður er fenginn úr byggingarlykli Hannarrs en kaupverð er sótt í verðsjá fasteigna hjá Þjóðskrá Íslands, www.skra.is

Jafnvægi að nást milli kaupverðs og byggingarkostnaðar í fjölbýli

Byggingarkostnaður á fermetra fyrir lyftuhúss í Reykjavík samkvæmt byggingarlykli Hannarrs er á bilinu 244-276 þ.kr., með meðaltalið um 261 þ.kr. Í byggingarkostnaði Hannarr er ekki tekið tillit til fjármagnskostnaðar á byggingartíma. Þá er munur á brúttófermetrum skv. byggingarlyklinum og birtum fermetrum sem notaðir eru þegar kaupverð eigna er birt. Það má því gera ráð fyrir vanmati í tölum um byggingarkostnað. Ef gert er ráð fyrir því að lán á byggingartímanum beri 8,0% raunvexti, byggingartíminn sé eitt ár og að jafnaði sé 30% byggingarkostnaðar fjármagnaður með vaxtaberandi láni þá hækkar byggingarkostnaður um 2,5%. Að því gefnu að munur á birtu flatarmáli og brúttó flatarmáli sé einnig um 2,5%, má gera ráð fyrir því að byggingarkostnaður sé vanmetinn um 5,0%. Að gefnum þessum forsendum má gera ráð fyrir því að meðaltals byggingarkostnaður geti verið um 274 þ.kr./m² og bilið sé frá 256 þ.kr./m² til 290 þ.kr./m² eftir staðsetningu í Reykjavík.

Kaupverð á fermetra fyrir lyftuhús er skv. Þjóðskrá um 275 þ.kr./m² að meðaltali og liggur á bilinu 190 þ.kr./m² til 327 þ.kr./m² háð staðsetningu.

Þar sem meðaltalsbyggingarkostnaður og meðalkaupverð er því sem næst á pari má gera ráð fyrir því að jafnvægi sé að nást á milli kaupverðs og byggingarkostnaðar, og að forsendur séu því fyrir frekari uppbyggingu hærri fjölbýlishúsa í Reykjavík (lyftuhúsa).

274 þ.kr.

byggingarkostnaður á m² a.t.t.
fjármagnskostnaðar

275 þ.kr.

kaupverð á m² eigna í Reykjavík



256-290 þ.kr.

byggingarkostnaður á m² er
háður staðsetningu

190-327 þ.kr.

kaupverð eigna á m² er háð
staðsetningu

Það er dýrast að byggja og kaupa í 101 og 107




Lóðarverð í Byggingarlyklinum miðast við lóðaverð í Reykjavík. Þær lóðir sem mynda meðaltalslóðakostnað nú eru flestar í Úlfarsárdal. Á myndunum hér að ofan hefur verið tekið tillit til mismunandi lóðaverðs eftir hverfum með stuðlum sem byggja á lóðarmati í fasteignamati eftir póstnúmerum. Þannig verður lóðaverð í 101 28% herra en meðaltalslóðaverð í Reykjavík og um 77% herra en í Úlfarsárdal. Sömu aðferðafræði var beitt við mat á kaupverði eftir hverfum, þ.e. reiknaðir voru stuðlar fyrir kaupverð eftir hverfum.

Heimildir: Fjármálaskrifstofa Reykjavíkur, Þjóðskrá, Byggingarlykill Hannarr

**Grundvöllur fyrir nýbyggingar
fjölbýlishúsa, þar sem
kaupverð er hærra en
byggingakostnaður.
Kaupverð styður ekki frekari
uppbyggingu á sérbýli.
Skoða þarf staðsetningu
nýbygginga.**

Vextir til húsnæðis kaupa og íbúðaverð með svipuðu móti og 2004



Vextir og kaupmáttur launa eru meðal þeirra þátta sem mest áhrif hafa á kaupverð íbúða. Myndin hér til vinstri dregur fram hvernig þessir þættir hafa þróast frá árinu 1994 til ársloka 2013.

Myndin sýnir vísitölur fyrir kaupmátt og kaupverð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu.

Vísitölurnar eru settar á 100 í ársbyrjun 1994.

Línurnar sýna því þróun kaupmáttar og kaupverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu frá þeim tíma.

Á myndinni má einnig sjá hvernig vextir hafa þróast á tímabilinu. annars vegar eru þeir settir fram sem eins mánaðar REIBOR vextir og hins vegar sem vextir nýrra húsnæðislána á Íslandi. Vextir húsnæðislána eru reiknaðir með verðbólgu-álagi, þrátt fyrir að ljóst sé að þeir höfðu ekki bein áhrif vegna verðtryggingarinnar.

Árinu 2013 svipar að mörgu leyti til ársins 2004.


- Vísitala kaupverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu á svipuðum slóðum.
- Vaxtakjör til húsnæðis kaupa voru 2004 og 2013 svipuð eða um 8% nafnvextir.

Vísitala kaupmáttar er hins vegar hærri og sú sama og um mitt ár 2006.

Heimildir: European Mortgage Federation, Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands

Eigið fé hefur aukist aftur og íbúðalán hafa lækkað um 200 ma.kr.

Íbúðalán og eiginfjárstaða Íslendinga



Eigið fé drógst verulega saman frá því það var hæst á árinu 2007 um 3.007 milljarðar króna. Í kjölfar bankahrunsins lækkaði eigið fé niður í um 1.702 milljarða króna árið 2010. Frá þeim tíma og til ársloka 2012 hefur eigið fé aukist aftur og var þá um 2.047 milljarðar króna. Eiginfjárstaðan er svipuð og hún var á árinu 2004.


Íbúðalán hækkuðu einnig ár frá ári til ársloka 2008 þegar þau náðu hámarki í um 1.400 milljörðum. Frá þeim tíma hafa íbúðalán lækkað og voru í árslok 2012 um 1.224 milljarðar króna.

Íbúðalán standa nú í svipaðri upphæð og þau voru árið 2007.

Heimild: Hagstofa Íslands

Áhrif væntinga á framkvæmdagleði

Væntingavísitala Capacent og útgefin byggingarleyfi



Er að birta til? Væntingavísitalan fór í fyrsta sinn yfir 100 stig í maí og júní 2013 frá því í febrúar 2008.

Myndin hér til hægri sýnir meðalvæntingar á ári einu ári áður en framkvæmdaleyfi eru gefin út („byggingarleyfi per ár“). Svo sem sjá má er nokkur fylgni á milli væntinga fyrra árs og útgefinna leyfa næsta ár.


Svo sem sjá má hafa væntingarnar verið að aukast ár frá ári frá árinu 2010 og nálgast 100 stig árið 2013, en vísitalan fór í fyrsta sinn yfir 100 á árinu 2013 í maí og júní frá því í febrúar 2008.

Væntingavísitalan lækkaði hins vegar aftur þegar í júlí þegar hún fór í 78,5 stig og lægst fór hún í ágúst í 66,3 stig. Í árslok 2013 stóð hún í 78,6 stigum og stendur nú í 85,9 stigum.

Heimildir: Þjóðskrá og væntingavísitala Capacent

Mikil óvissa um framhaldið

Fjöldi þinglýstra kaupsamninga




Þrátt fyrir að ýmis teikn séu á lofti um að fasteignamarkaðurinn sé að taka við sér s.s. að fjöldi þinglýstra kaupsamninga hefur verið að aukast ár frá ári frá því að hann náði lágmarki árið 2009, er rétt að hafa fyrirvara á vegna þeirrar óvissu sem gjaldeyrishöft og skuldalækkar ríkisstjórnarinnar hafa og geta haft á markaðinn.

Gera má ráð fyrir því að skuldalækkar ríkisstjórnarinnar hafi áhrif til aukinna fasteignaviðskipta þar sem eiginfjárstaða heimilanna styrkist og kaupgeta eykst við það. Leiði aðgerðirnar til aukinnar verðbólgu getur það haft neikvæð áhrif í kjölfarið ef eignaverð fylgir ekki hækkun skulda og ekki síður ef verðlagsbreytingar rýra kaupmátt.

Heimild: Þjóðskrá Íslands

Fjöldi kaupsamninga hefur aukist frá ársbyrjun 2012

Fjöldi þinglýstra kaupsamninga á höfuðborgarsvæðinu
per viku



Margt bendir til þess að
fasteignamarkaðurinn taki við
sér á næstu mánuðum s.s.
væntingavísitalan hefur
hækkað, eiginfjárstaðan
batnað, kaupverð fasteigna
hefur farið hækkandi.
Óvissan er samt mikil.

Eru forsendur fyrir rekstri leigufélaga

Gerum ráð fyrir því að byggingarkostnaður íbúða í fjölbýlishúsi sé um 274 þ.kr./m² og að stærð íbúða sé um 80m².

Að því gefnu að eftirtaldar forsendur haldi um rekstur 80 fermetra íbúðar þá má gera ráð fyrir því að lágmarksleiga á mánuði sé um 1.851 kr. á fermetra. Forsendurnar eru:

- Viðhald er 1,65% af byggingarkostnaði.
- Fasteignagjöld eru 2% af byggingarkostnaði v./fasteignaskatts og lóðarleigu. Við það bætast 5.491 kr. + 213,05 kr./m² og 9.262 kr. +357,5 kr./m² vegna vatns og holræsa-gjalda.
- Brunatryggingar eru áætlaðar 0,15% af byggingarkostnaði.
- Stjórnunarkostnaður er áætlaður 1% af byggingarkostnaði.
- Gert er ráð fyrir því að raunvextir á lánsfé sé 3,9%*.
- Gert er ráð fyrir því að raunávöxtunarkrafa eigin fjár sé 13,3%.
- Gert er ráð fyrir því að félagið verði fjármagnað 85% með lánum og 15% með eigin fé.
- Gert er ráð fyrir því að byggingin verði greidd upp miðað við raunávöxtunarkröfuna 4,7% (WACC) á 50 árum.


Í könnun Capacent kom fram að væntingar leigjenda voru um að greiða á bilinu 1.500-2.300 kr./m² í leigu fyrir íbúðir frá allt að 50 m² til 90 m² með einu til tveimur svefn-herbergjum. Það er því ljóst að gæta þarf aðhalds í kostnaði til að dæmið gangi upp miðað við ofangreindar forsendur. Niðurstaðan er hins vegar mjög næm fyrir einstökum kostnaðarliðum, ekki síst viðhaldskostnaði. Sjá má breytingar á viðhaldskostnaði og byggingarkostnaði í töflunni hér til hægri.

Dæmi um rekstrarkostnað 80 fermetra íbúðar:	
Árlegur rekstrarkostnaður	Krónur
Fasteignagjöld	102.413
Brunatryggingar	31.512
Viðhaldskostnaður	346.632
Stjórnunarkostnaður	210.080
Samtals rekstrarkostnaður	690.637
Rekstrarkostnaður á mánuði	57.553
Endurgreiðsla stofnkostnaðar	90.557
Samtals lágmarksleiga	148.110
Leiga á fermetra	1.851

		Breyting í viðhaldskostnaði				
		2,00%	1,75%	1,65%	1,25%	1,00%
Breyting á byggingarkostnaði	110%	2.114	2.054	2.030	1.934	1.874
	105%	2.021	1.964	1.941	1.849	1.791
	100%	1.928	1.873	1.851	1.764	1.709
	95%	1.835	1.783	1.762	1.679	1.627
	90%	1.741	1.692	1.673	1.594	1.545
	85%	1.648	1.602	1.583	1.509	1.462

* Miðað er við fasta 3,8% vexti Landsbanka Íslands upp að 70% lánshlutfalli og breytilega 4,5% vexti fyrir 15% láns-hlutfall. Vegnir vextir verða þannig 3,92%.


Leigutaki telur sig ekki þurfa að greiða mikið fyrir fleiri fermetra



Íbúðir með 1 svefnherbergi

Myndirnar hér að ofan sýnir annars vegar væntar mánaðarlegar greiðslur í heild og hins vegar á fermetra að teknu tilliti til stærðar húsnæðis. Sjá má að svarendur í könnuninni gera ráð fyrir að greiða tæpar 84 þ.kr. á mánuði fyrir íbúð sem er undir 50 fermetrum, um 91 þ.kr. fyrir íbúð sem er 51-70 fermetrar og um 120 þ.kr. fyrir 71-90 fermetra íbúð. Svarendur gera ráð fyrir að greiða um 2.100 kr. á fermetra fyrir minnstu íbúðirnar en nánast það sama fyrir hvern fermetra ef íbúðirnar eru 51-70 fermetrar eða 71-90 fermetrar (1.515 kr./m² og 1.500 kr./m²).

Ef litið er til byggingarkostnaðar á fermetra í hverfi 105 í lyftuhúsi, þá má gera ráð fyrir að hann sé um 262.600 kr. Ef gert er ráð fyrir því að byggingarkostnaður 80 fermetra íbúðar sé 21 m.kr. sbr. Byggingarlykill Hannarrs þá þarf leigugjald á mánuði að vera um 1.851 kr. á hvern fermetra til að standa undir rekstri og fjármagnskostnaði leigusálans. Það vantar því nokkuð upp



á að jafnvægi náist fyrir stærri eignirnar en minni eignirnar skila meiru, en sem leigugjaldið þarf ekki að breytast mikið á fermetra til að ganga upp.

Íbúðir með 2 svefnherbergjum


Sjá má að svarendur í könnuninni gera ráð fyrir að greiða rúmar 91 þ.kr. á mánuði fyrir íbúð sem er undir 50 fermetrum, um 113 þ.kr. fyrir íbúð sem er 51-70 fermetrar, um 122 þ.kr. fyrir 71-90 fermetra íbúð og 137 þ.kr. fyrir 91-120 fermetra íbúð.

Svarendur gera ráð fyrir að greiða um 2.290 kr./m² fyrir minnstu íbúðirnar 1.887 kr./m² ef íbúðirnar eru 51-70 fermetrar, 1.533 kr./m² fyrir 71-90 fermetra og 1.308 kr./m² fyrir 91-120 fermetra.

Á sama hátt og fyrir 1 svefnherbergja íbúðir gengur dæmið ekki upp nema fyrir minnstu eignirnar.




Heimild: Könnun Capacent 2013

Leigutakinn borgar meira fyrir annað herbergi í 51-70m²



Myndin sýnir mun á væntingum leigjenda um greiðslur fyrir 1 svefnherbergi annars vegar og hins vegar með 2 svefnherbergjum. Leigjendur gera ráð fyrir að greiða mest fyrir viðbótarsvefnherbergi þegar um 51-70 fermetra íbúð er að ræða.

Eigendur telja sig þurfa greiða minna en leigutakinn á fermetra



Væntur húsnæðiskostnaður þeirra sem gera ráð fyrir því að eiga næsta húsnæði sem þeir flytja í er ekki í takti við það sem gera mætti ráð fyrir. Sem dæmi gera þeir sem gera ráð fyrir að vera í húsnæði sem er minna en 50 m² með einu svefnherbergi ráð fyrir því að greiða 120 þ.kr. á mánuði en þeir sem vilja eiga 51-70 m² gera ráð fyrir því að greiða 74 þ.kr. á mánuði. Í samanburði við leigjendur gera eigendur almennt ráð fyrir því að greiða minna fyrir hvern fermetra á mánuði.

Heimild: Könnun Capacent 2013

**Forsendur virðast fyrir rekstri
leigufélags sem byggir smærri
íbúðir eða kaupir á
hagstæðum kjörum.**

**Leigjendur gera ráð fyrir
talsvert lægra fermetraverði í
stærri íbúðum.**


Eigendur og leigjendur



>40% tekna tekjulægstu í húsnæðiskostnað

Hlutfallið fyrir landið allt

Húsnæðiskostnaður sem hlutfall af fjölskyldutekjum



